

Samgöngu - fjarskiptanefnd, fundur nr. 7

Dags. 02.05.2019

Sjöundi fundur Samgöngu- og fjarskiptanefndar Kjósarhrepps haldinn í Ásgarði 02. maí 2019, kl 20:00.

Mætt: Regína Hansen Guðbjörnsdóttir, formaður, Guðmundur Davíðsson, meðstjórnandi og Guðmundur Páll Jakobsson ritari.

Dagskrá.

1. Umferðaöryggisáætlun

Afgreiðsla: Framlögð drög af umferðaöryggisáætlun samþykkt samhljóma og leggur nefndin til að hreppsnefnd samþykki áætlunina á næsta fundi hennar þann 14. maí 2019.

2. Fundur með Vegagerðinni þann 17. apríl í Kjósinni.

Afgreiðsla: Regína gerði grein fyrir því sam fram fór á fundinum. Á þeim fundi sátu Regína formaður samgöngu- og fjarskiptanefndar, Karl Magnús oddviti, Svanur G Bjarnason svæðisstjóri suðurlands, Jóhann B Skúlason yfirverkstjóri.

Fundarefni var:

a. Staða og áætlun lok lagningar bundins slitlags um Kjósarskarð.

Verkið hefst að nýju nú eftir páska og eru verklok áætlun xx.

b. Lagning slitlags á malarkafla Meðalfellsvegur.

Niðurstaða: Rætt var um að Vegagerðin klárði einnig vegakafla frá Kjósaskarðsvegi að Hrosshóli og jafnvel allan kaflann sem eftir er á Meðalfellsvegi, samkvæmt Vegagerðinni er ekki fyrirhugað að fara í áframhaldandi framkvæmdir á Meðalfellsveginum í framhaldi af Kjósaskarðsvegi þar sem ekki er til fjármagn til verkskins, KMK óskaði eftir því að Vegagerðin sendi inn kostnaðarmat á þessum kafla til Sveitarfélagsins.

c. Lagfæring (Eyrarfjallsvegur) Miðdalsvegur, ofaniburður og fleira.

Niðurstaða: Rætt var um þann möguleika sem er til í heimildum að leggja bundið slitlag á úppbyggðanveg þar sem skólabíll fer um, samkvæmt Vegagerðinni er búið að ráðstafa öllu viðbótarfjármagni þar sem þessi heimild nær til og ekki fyrirhugað að leggja bundið slitlag á þennan kafla, en bera á í veginn og hefla hann. RG benti á að allur sá kostnaður sem fer í endalusa reddingar með ofaniburði og heflun á veginum sem helst ekki nema í nokkrar vikur hljóti að kosta töluvert líka. Óskað var eftir því við Vegagerðina að þeir sendi áætlaðan kostnað við lagninu á bundnuslitlagi á veginum til Sveitarfélagsins.

3. Önnur mál.

Óformleg umræða um stöðu á lagningu ljósleiðara var rædd og mögulega tímasetningu á verklokum.

Fundi slitið kl. 21:20 RHG